

Alþingi

Erindi nr. 5 117 11273

komudagur 11 14 1994



CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF

NEYTENDASAMTÖKIN

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

SKÚLAGÖTU 26,
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 91-625000,
TELEFAX 91-624666,
PÓSTHÓLF 1096,
121 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 6. apríl 1994

Umsögn um frumvarp til laga um sölu notaðra ökutækja.

Neytendasamtökin fagna framkomnu frumvarpi enda löngu orðið nauðsynlegt að settar séu reglur um viðskipti manna á þessu sviði. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarp þetta:

1. mgr. 5. gr.:

Fellt hefur verið úr frumvarpinu ákvæði um að ökutæki fylgi ástandslýsing frá faggiltri skoðunarstofu. Bifreiðasali skal hins vegar gera kaupanda grein fyrir rétti hans til að láta meta bílinn. Neytendasamtökin leggja áherslu á að í frumvarpinu verði áfram kveðið á um að ökutæki fylgi ástandslýsing. Eins og réttilega kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu eru bifreiðar tæknilega séð flókin fyrirbæri og því erfitt að meta gæði slíkra farartækja án sérfræðipækkingar, sérstaklega eftir að bifreiðin hefur verið í notkun í lengri tíma. Með því að gera það að skyldu að slík ástandslýsing liggja fyrir verða viðskipti með bifreiðar mun öruggari en nú er. Fyrir seljanda er þetta mikið hagsmunamál þar eð slíkt mat kemur oft og tíðum í veg fyrir hugsanlegar vanefndakröfur kaupanda. Fyrir kaupanda skiptir miklu að vita hvert ástand bifreiðar er.

Hugsanlegt er að leggja þá skyldu á bifreiðasala að leggja fram ástandslýsingu í þeim tilvikum þegar bifreiðar eru til sýnis. Hins vegar myndi ástandslýsing ekki fylgja bifreiðum sem eingöngu eru á söluskra bifreiðasala.

Samkvæmt greininni er sú skylda lögð á bifreiðasala að gera kaupanda grein fyrir rétti hans til að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis. Ef ekki verður kveðið á um ástandslýsingu í frumvarpinu telja Neytendasamtökin mikilvægt að þessi skylda bifreiðasala verði að skýra kaupanda með sannanlegum hætti. Með því er tryggt að þessar upplýsingar hafi legið fyrir áður en kaup eru gerð. Auk þess ætti þetta að ýta undir að kaupendur notaðra bifreiða láta meta ástand þeirra fyrir kaup. Hér er því lagt til að 4. málslíður 1. mgr. 5. gr. orðist svo: "Bifreiðasali skal, áður en gegnið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt endurnurskoðunarverkstæði."

2. mgr. 6. gr.

Mikilvægt er að tilkynning um eigendaskipti sé send til ökutækjaskrár hið fyrsta. Nauðsynlegt er að hafa ákveðin tímamörk í því sambandi. Lagt er til að í stað orðanna "sem fyrst" komi "fyrsta virka dag eftir að gengið hefur verið frá kaupunum"

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna

Sigríður A. Arnárdóttir.